

Verndarsvæði í byggð - tillaga til auglýsingar

Til : Helga Þuríður Magnúsdóttir <helgathuridur@isafjordur.is>;Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>;Jóna Símónía Bjarnadóttir <jona@isafjordur.is>

Frá : Hildur Kristjánsdóttir <hildur@alta.is>

CC : Herborg Árnadóttir <herborg@alta.is>;Halldóra Hreggviðsdóttir <halldora@alta.is>;Bragi Bergsson <bragibergsson@gmail.com>

Heiti : Verndarsvæði í byggð - tillaga til auglýsingar

Málsnúmer : 2017100040

Málsaðili : Ísafjarðarbær - byggingarfulltrúi

Skráð dags : 12.07.2022 14:07:16

Höfundur : Hildur Kristjánsdóttir <hildur@alta.is>

Viðhengi [A1302-030-U01 Athugasemdir við vinnslutillögu.pdf](#)[A1302-030-U01](#)

[Athugasemdir við vinnslutillögu.pdf](#)

[A1302-019-U04 Verndarsvæði í byggð - tillaga til auglýsingar.pdf](#)

[A1302-019-U04 Verndarsvæði í byggð - tillaga til auglýsingar.pdf](#)

Sæl Helga,

Hér sendi ég þér tillögu að verndarsvæði í byggð til auglýsingar.

Ég sendi ykkur einnig minnisblað með samantekt á þeim umsögum sem bárust á kynningartíma vinnslutillögunnar og tillögu að viðbrögðum við þeim.

Ef engar athugasemdir eru frá ykkur má leggja tillöguna að verndarsvæði í byggð, ásamt minnisblaði með samantekt um framkomnar athugasemdir við vinnslutillögu og viðbrögð við þeim, fyrir skipulagsnefnd og svo bæjarstjórn til auglýsingar skv. 5. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Tillagan skal auglýst að lágmarki í 6 vikur.

Hér má sjá merkt með gulum lit hvað kemur fram um auglýsingu tillögu að verndarsvæði í byggð í lögum um verndarsvæði í byggð.

5. gr. Mat á varðveislugildi svæða í byggð.

Við mat á varðveislugildi svæða í byggð skal líta til gagna sem eru til um hið fyrirhugaða verndarsvæði, þar á meðal korta, húsakannana, fornleifaskráningar, mynda og frásagna um byggðina. Jafnframt skal litið til byggingarstíls og byggingarlistar, efnisvals og samhengis bygginga á viðkomandi svæði auk heildarásýndar svæðisins.

Minjastofnun Íslands er sveitarstjórn til ráðgjafar um mat á varðveislugildi svæða í byggð.

Ráðherra setur í reglugerð ¹⁾ nánari ákvæði um framkvæmd mats á varðveislugildi svæða í byggð, efni greinargerðar til ráðherra, efni auglýsingar um tillögu að verndarsvæði og framkvæmd tengda slíkri auglýsingu að öðru leyti.

Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu um að byggð innan staðarmarka sveitarfélagsins verði gerð að verndarsvæði í byggð á áberandi hátt, svo sem í staðarblaði eða með sérstöku kynningarefni sem aðgengilegt er íbúum sveitarfélagsins, eigi skemur en í sex vikur. Þá skal tillagan jafnframt liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins eða á öðrum opinberum stað og vera auk þess aðgengileg á netinu.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn taka tillögu um verndarsvæði til umræðu og taka afstöðu til þeirra athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

Næstu skrefin í ferlinu eru því þessi:

Lokafrágangur tillögunnar til auglýsingar	Tillaga að verndarsvæði í byggð ásamt húsakönnun lögð fram til afgreiðslu skipulags- og mannvirkjanefndar og bæjarstjórnar til auglýsingar.
Opinber auglýsing tillögunnar í 6 vikur	Tillagan auglýst opinberlega í fréttamiðlum, kynningarvef og vef sveitarfélags. Tillagan send umsagnaraðilum. Unnið úr athugasemdum.
Umfjöllun sveitarstjórnar um tillöguna eftir auglýsingu	Tillaga að verndarsvæði í byggð og tillaga að viðbrögðum við athugasemdum lögð fram á fundi skipulagsnefndar og bæjarstjórnar til samþykktar.
Samþykkt tillaga send til mennta- og menningarmálaráðherra	Sveitarstjórn sendir tillöguna til ráðherra. Ráðherra leitar umsagnar Minjastofnunar um samþykktu tillögu.

Þegar búið er að samþykkja auglýsingu tillögunnar, þá skaltu hafa samband við Halldóru Hreggviðsdóttur, samstarfskonu mína og láta hana vita hvenær þið eigið von á að auglýsingar birtist. Þá þarf að birta gögnin inn á kynningarvef verkefnsins <https://www.verndarsvaedi.isafjordur.is>. Halldóra getur gert það. En eins og ég nefndi í síma, þá er ég að fara að skipta um starfsvettvang og hún Halldóra mun taka við þessu verkefni f.h. Alta og klára með ykkur þau skref sem eftir eru í ferlinu.

Þú talaði um það í síma í dag að þú ættir ekki von á að tillagan verði lögð fyrir en eftir sumarfrí.

Ég vil þakka kærlega fyrir skemmtilegt og áhugavert samstarf í þessu verkefni og óska ykkur góðs gengis.

Með kveðju, Hildur Kristjánsdóttir

Hildur Kristjánsdóttir, ráðgjafi
Alta ehf // +354 582 5000 // www.alta.is
[ISO 9001](http://www.iso9001.com) // [UN Global Compact](http://www.un.org)